

Júlí 1968

10

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skrifstofur: Skólavörðustíg 12
Símar: 21775 og 21776

F r é t t a b r é f

10

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í júlí 1968.

Björgvin Sigurðsson (formaður)
Björn Jónsson
Helgi Bergs
Hjalti Kristgeirsson
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit:

I Tímakaup og vinnutími í Reykjavík á 4. ársfj. 1967.

Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum þess ársfjórðungs og kaupmáttur tímakaups reiknaður. Borið er saman við samsvarandi ársfj. árið áður.

II Töflur um tímakaup og vinnutíma á 4. ársfjórðungi 1967.

Tafla 1	Tímakaup verkamanna.
Tafla 2	Vinnutími verkamanna.
Tafla 3	Tímakaup iðnaðarmanna.
Tafla 4	Vinnutími iðnaðarmanna.
Tafla 5	Tímakaup verkakvenna.
Tafla 6	Vinnutími verkakenna.
Tafla 7	Tímakaup flugáhafna.

III Tímakaup og vinnutími í Reykjavík árið 1967.

Hér er fjallað um heildarþróunina á árinu, en ársmeðaltöl eru fengin með því að leggja ársfjórðungana saman og deila í þá með 4. Borið er saman við árið 1966.

IV Töflur um tímakaup og vinnutíma árið 1967.

Tafla 8	Tímakaup verkamanna.
Tafla 9	Vinnutími verkamanna.
Tafla 10	Tímakaup iðnaðarmanna.
Tafla 11	Vinnutími iðnaðarmanna.
Tafla 12	Tímakaup verkakvenna.
Tafla 13	Vinnutími verkakvenna.
Tafla 14	Tímakaup flugáhafna.

V Um þróun atvinnuástands á árunum 1966 og 1967.

Hér er reynt að draga upp mynd af þróun atvinnuástandsins á þessum árum með því að athuga tölur um fjölda starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem senda nefndinni skýrslur.

VI Töflur um starfsmannafjölda fyrirtækja.

Tafla 15 Fjöldi starfsmanna nokkurra fyrirtækja
í Reykjavík, ársfjórðungslega árin 1966 og 1967.

Tafla 16 Fjölgun starfsfólks yfir sumartímann og breyting
þar á árið 1967.

VII Töflur yfir vísitölur Hagstofu Íslands.

Tafla 17 Kaupgreiðsluvísitala 1965-1967.

Tafla 18 Vísitala framfærslukostnaðar og
neyzluvöru árin 1959-1967.

Tímakaup og vinnutími í Reykjavík

á 4. ársfjórðungi 1967.

Upplýsingar um tímakaup og vinnutíma verkamanna, verkakvænna, iðnaðarmanna og flugáhafna fyrir 4. ársfjórðung 1967 er að finna í töflum 1-7 hér á eftir. Sömu leiðis upplýsingar um skiptingu vinnutímans í dagv., eftirv. og næturvinnu. Um 1. ársfjórðung 1967 voru samsvarandi upplýsingar birtar í Fréttabréfi 7, um 2. ársfj. í Fréttabréfi 8 og um 3. ársfj. í Fréttabréfi 9.

Hér er ekki um að ræða allan þann hóp, sem skýrslusöfnunin næst til, heldur einungis þann hluta hans, sem vinnur "almenna vinnu", þ. e. hvorki vakta- né uppmælingavinnu, með þeirri undantekningu þó, að flugáhafnir vinna vaktavinnu.

Skýrslur þessar ná yfir 1.374 þús. vinnustundir (var á 3. ársfjórðungi 1.418 þús., á 2. ársfj. 1.465 þús. og á 1. ársfj. 1.441 þús.)

Hér á eftir verður fjallað um hverja starfsstétt sérstaklega, en engin tilraun gerð til þess að bera þær saman.

1. Verkamenn.

Tímakaup verkamanna í dagvinnu er að meðaltali óbreytt, miðað við 4. ársfjórðung 1966, og meðaltímakaupið hefur aðeins hækkað um 0,2 %.

Á þessu tímabili voru ekki gerðir nýir kjarasamningar, en breytt kaupgjaldsvísitala í desember 1967 átti að valda 1,1 % kauphækkun á þeim ársfjórðungi. Auknar helgidagagreiðslur áttu einnig að valda 1,1 % hækkun meðaltímakaups, en minnkandi yfirvinna á að valda 0,9 % lækkun meðaltímakaupsins.

Yfirlit yfir tímakaupsgreiðslur

á 4. ársfjórðungi 1966 og 1967.

	<u>Tímak. í dagv.</u>		Hækkun %	<u>Meðaltímakaup</u>		Hækkun %
	1966	1967		1966	1967	
	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>		<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	
Alm. verkam.v.	59,38	58,98	+ 0,7	69,30	68,83	+ 0,7
Aðstoð v.fagv.	69,15	68,83	+ 0,5	78,39	77,88	+ 0,7
Vélstjórn	65,32	66,55	1,9	78,96	81,03	2,6
Samanvegið	62,82	62,84	0,0	73,53	73,69	0,2

Eins og yfirlitið hér að ofan sýnir er meðaltímakaupið 0,2 % hærra á 4. ársfjórðungi 1967, hefur hækkað úr kr. 73,53 í kr. 73,69, eða um 16 aura, svo að segja má, að það sé óbreytt. Samkvæmt því, sem segir hér á undan, um breytingu vísitölukaupmáttar o. fl., má sundurliða þá krafta, sem verkað hafa á meðaltímakaupið, þannig:

1. Hækkun kaupgjaldsvísitölu	+ 1,1
2. Auknar helgidagagreiðslur	+ 1,1
3. Minnkandi yfirvinna	+ 0,9
4. Annað	+ 1,1
Samtals	+ 0,2

Þar sem aðeins 1. og 4. liður hafa áhrif á tímakaupið í dagvinnu, er það óbreytt. Enda þótt þessar tölur virðist gefa til kynna, að litlar breytingar hafi orðið á tímakaupi verkamanna, þá er það ekki alveg rétt, vegna þess að talsvert misgengi hefur átt sér stað milli einstakra hópa þeirra, bæði hvað snertir þróun

tímakaups og vinnutíma. Nánar verður fjallað um vinnutímamann síðar í þessari grein, en nú verður rakið það helzta, sem ein-kennir þróun dagvinnutímakaupsins.

Helztu breytingar dagvinnukaups á
4. ársfjórðungi 1967, miðað við 4. ársfj. 1966,
eru þessar.

	Tímak. í dagv.		Hækkun	Lækkun
	<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>%</u>	<u>%</u>
Aðstoð v. trésm.	62,32	64,96	4,2	
Kranastjórar	62,70	65,27	4,1	
Verksmiðjuvinna	62,99	65,42	3,9	
Lyftaravinna	54,12	56,14	3,7	
Ýmis alm. vinna	60,27	62,07	3,0	
Slippvinna	58,20	59,41	2,1	
Pakkhúsvinna	59,32	60,38	1,8	
Bílstjórar	65,97	66,87	1,4	
Hafnarvinna	53,89	54,60	1,3	
Bæjarvinna	54,42	55,00	1,1	
Aðstoð v. málmsmiðar	69,98	69,43		0,8
Fiskvinna	52,57	51,82		1,4
Aðstoð v. bifvélav.	74,15	71,54		3,5
Byggingarvinna	70,87	65,60		7,4
Afgreiðslustörf	78,15	69,24		11,4

Það sem helzt vekur eftirtekt, er mikil kauplækkun hjá afgreiðslumönnum og byggingarverkamönnum. Hér er þó ekki um að ræða raunverulega kauplækkun hjá afgreiðslumönnum, heldur var kaup þeirra óeðlilega hátt á 4. ársfj. 1966, sem stafaði af aukagreiðslum, sem þeir fengu í desembermánuði og kauphækkun, sem var látin verka aftur fyrir sig hjá nokkrum mönnum, en bygg- ingarverkamenn hafa alltaf haft miklar kaupsveiflur. Bifvélavirkjun sýnir einnig lækkandi kaup, en þar hafa orðið talsvert miklar breyt- ingar, vegna þess að eitt stórt verkstæði hefur verið lagt niður, en annað hefur eflzt mjög, vegna umferðarbreytingarinnar og þeirra framkvæmda, sem henni fylgdu. Verkaþólk í járníðnaði og fisk- vinnslu hefur dregið nokkuð aftur úr og mátt þola kauplækkun, en verkamenn í hafnarvinnu og bæjarvinnu og bílstjórar hafa fylgt vísitöluhækkuninni. Aðrir hafa fengið meiri hækkun.

Einkum er athyglisvert, að aðstoðarmenn við trésmíðar, iðnverkamenn og ýmsir almennir verkamenn hafa fengið talsverða kauphækkun. Telja má víst, að orsakana til þess atvinnuleysis, sem gerði vart við sig um og eftir áramótin sé að leita hjá þeim hópum, sem sýna minnsta kauphækkun á 4. ársfjórðungi og kauplækkun.

Þróun tímakaups og meðaltímakaups.

	Tímak.	Meðal-	Hækkun frá fyrra ársfj.		
	í dagv.	tímak.	Tímak.	Meðal-	%
	kr.	kr.	í dagv.	tímak.	
1. ársfj. 1966	55,00	63,33	-	-	
2. ársfj. -	57,94	73,85	5,3	16,6	
3. ársfj. -	59,50	70,08	2,7	+ 5,1	
4. ársfj. -	62,82	73,53	5,6	4,9	
1. ársfj. 1967	61,58	72,12	+ 2,0	+ 1,9	
2. ársfj. -	62,46	76,50	1,4	6,1	
3. ársfj. -	62,71	72,96	0,4	+ 4,6	
4. ársfj. -	62,84	73,69	0,2	1,0	

Vinnutími verkamanna.

Vinnutími verkamanna hefur greinilega verið styttri á 4. ársfjórðungi 1967 en hann var ári áður, eins og búast mátti við, vegna þess atvinnuleysis, sem þá tók að gera vart við sig.

Yfirlit yfir skiptingu vinnutímans.

	1966			1967		
	Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt
<u>4. ársfjórðungur:</u>						
Alm. verkamenn	75,8	14,1	10,1	78,0	13,0	9,0
Aðst.m. v/ fagv.	80,1	14,4	5,5	82,6	12,4	5,0
Vélstjórnendur	72,5	12,5	15,0	73,0	12,0	15,0
<u>Samanvegið:</u>						
4. ársfjórðungur	75,8	13,8	10,4	77,7	12,6	9,7
3. ársfjórðungur	74,3	13,5	12,2	76,0	13,5	10,5
2. ársfjórðungur	70,4	13,3	16,3	74,0	13,4	12,6
1. ársfjórðungur	76,9	13,4	9,7	78,6	13,3	8,1

Yfirvinnan hefur dregið talsvert saman hjá hafnarverkamönnum, og þó sérstaklega hjá pakkhúsmönnum og lyftivagnstjórum, einnig í bæjarvinnu og málmsmíði.

Það er aðeins í byggingarvinnu, við afgreiðslustörf og í verksmiðjuvinnu, sem yfirvinnan hefur aukizt á ársfjórðungnum og er orðin meiri en á sama tíma ári áður. Einkum er þetta áberandi hjá iðnverkamönnum. Í fiskvinnu hefur yfirvinna aukizt á ársfjórðungnum, miðað við þá litlu yfirvinnu, sem einkennt hefur í fiskiðnaði árið 1967, en er samt ennþá minni á 4. ársfj. 1966. Víðast hvar annars staðar hafa ekki orðið verulegar breytingar á skiptingu vinnutímans og yfirvinna er alls staðar minni en hún var fyrir ári, og hefur verið svo síðan á 2. ársfj. 1967.

Þróun kaupmáttar.

Hér á eftir fara vísitölur, er sýna hvernig kaupmáttur tímakaups í dagvinnu og meðaltímakaups verkamanna hefur þróast á árunum 1966 og 1967. Er 1. ársfjórðungur 1966 settur 100.

Rétt er að vekja athygli á því, að ástæðan fyrir lækkun neytluvísitölnunnar fyrstu 3 ársfj. 1967 eru auknar niðurgreiðslur ríkissjóðs á neytluvörum, aðallega landbúnaðarvörum. Á 4. ársfj. 1967 var þessum sérstöku niðurgreiðslum hætt.

Þar sem vísitölur þær, sem hér fara á eftir, eru áframhaldandi venjulegar vísitölur, þá koma allar árstíðasveiflur í meðaltímakaupinu fram með fullum þunga í vísitölum launa, og verður að hafa það hugfast, þegar þær eru skoðaðar.

Ný framfærsluvísitala tók gildi nú á 1. ársfjórðungi 1968, og verður hún hér eftir notuð óbreytt-eins og Hagstofa Íslands birtir hana-við útreikning á kaupmætti launa og tímakaups. Á 4. ársfjórðungi 1967 hefur kaupmáttur tímakaups í dagvinnu reynt 103,4 stig, miðað við 100 stig á 1. ársfj. 1966. Hæst komst hann í 107,4 stig á 3. ársfj. 1967. Kaupmáttur launa reyndist 105,3 stig á 4. ársfj. 1967. Miklu erfiðara er að gera sér grein fyrir raunverulegri þróun hans en kaupmáttar tímakaups í dagvinnu, vegna árstíðasveiflna í helgidagagreiðslum og yfirvinnu. Með því að bera saman 4. ársfj. 1966 og 1967 má þó útiloka árstíðasveiflurnar að mestu, og við slíkan samanburð kemur í ljós, að kaupmáttur launa hefur lækkað um 2,9 %. Á sama tíma lækkaði kaupmáttur dagvinnutímakaupsins um 3,0 %.

Þróun meðaltímakaupsog kaupmáttar þess.

	Meðaltíma- kaup kr.	Vísitala launa	Neyzlu- vísitala	Vísitala kaupmáttar
1. ársfj. 1966	63,33	100,0	100,0	100,00
2. - -	73,85	116,6	103,4	112,8
3. - -	70,08	110,7	106,5	103,9
4. - -	73,53	116,1	107,1	108,4
1. - 1967	72,12	113,9	106,7	106,7
2. - -	76,50	120,8	106,5	113,4
3. - -	72,96	115,2	106,1	108,6
4. - -	73,69	116,4	110,5	105,3
Meðaltal 1966	70,20	100,0	100,0	100,0
Meðaltal 1967	73,82	105,2	103,1	102,0

Þróun tímakaups í dagvinnu x)og kaupmáttar þess.

	Tímakaup í dagvinnu	Vísitala tímakaups	Neyzlu- vísitala	Vísitala kaupmáttar
1. ársfj. 1966	55,00	100,0	100,0	100,0
2. - -	57,94	105,3	103,4	101,8
3. - -	59,50	108,2	106,5	101,6
4. - -	62,82	114,2	107,1	106,6
1. ársfj. 1967	61,58	112,0	106,7	105,0
2. - -	62,46	113,6	106,5	106,7
3. - -	62,71	114,0	106,1	107,4
4. - -	62,84	114,3	110,5	103,4
Meðaltal 1966	58,82	100,0	100,0	100,0
Meðaltal 1967	62,40	106,1	103,1	102,9

x) Hér er um að ræða tímakaup í dagvinnu eins og það er samkv. launastatistik, en ekki samningsbundið tímakaup.

Eftir er þá að taka tillit til 1,1 %, sem helgidagar hafa hækkað meðaltímakaupið um á 4. ársfj. 1967, og má því gera ráð fyrir, að kaupmáttur launa hafi lækkað um 1% meira en kaupmáttur tímakaups í dagvinnu, sem stafar af minnkandi yfirvinnu.

2. Iðnaðarmenn.

Tölflur 3 og 4 sýna tímakaup nokkurra hópa iðnaðarmanna og skiptingu vinnutíma þeirra í dagv., eftirv. og næturvinnu.

Tímakaup í dagvinnu er talsvert hærra hjá iðnaðarmönnum á 4. ársfj. 1967 en 4. ársfj. 1966, eða 4,8 % hærra. Vegna breyttrar kaupgjaldsvísitölu átti það að hækka um 1,1 % og um 1,2 % vegna aukinna helgidagagreiðslna. Meðaltímakaupið hækkaði um 6,7 %, en sú hækkun er þannig mynduð:

1. Hækkun kaupgjaldsvísitölu	1,1 %
2. Auknar helgidagagreiðslur	1,2 %
3. Aukin yfirvinna	0,7 %
4. Annað	<u>3,7 %</u>
Samtals	6,7 %

Svo virðist því sem iðnaðarmenn hafi náð talsvert stöðugum kauphækkunum allt árið 1967. Þessar launahækkningar ná þó engangin jafnt til allra iðnaðarmanna. Hjá iðnaðarmönnum hefur í húsgagnagerð dagvinnukaupið pr. klst. lækkað úr kr. 90,95 á 4. ársfjórðungi 1966 í kr. 87,65 á 4. ársfj. 1967. Ástæður þess eru þær, að bónusgreiðslur hafa minnkað, en þær voru verulegur hluti kaupsins. Málmíðnaðarmenn, trésmiðir og bifvélavirkjar halda óbreyttu kaupmiðum, flugvirkjum, rafvirkjum, bókurum og prenturum.

Vinnutíminn er svipaður og hann hefur verið hjá iðnaðarmönnum. Helstu breytingarnar eru hjá flugvirkjum, sem hafa nú tekið upp vaktavinnu fyrirkomulag að miklu leyti, hjá þeim eykst yfirvinnan mikið. Einnig eykst hún nokkuð hjá skipasmíðum og prenturum.

Yfirlit yfir tímakaup
iðnaðarmanna 1966 og 1967.

	Tímakaup í dagv.			Meðaltímakaup		
	<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>Hækkun</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>Hækkun</u>
1. ársfjórðungur	73,73	79,48	7,8	83,65	91,19	9,0
2. -	77,26	81,30	5,2	97,49	98,00	0,5
3. -	78,14	80,81	3,4	89,97	92,94	3,3
4. -	78,81	82,61	4,8	90,46	96,52	6,7

Tímakaup iðnaðarmanna eins og það er sýnt hér að ofan er vegið saman eftir meðlimafjölda viðkomandi fagfélaga. Greinilega er hér um að ræða nokkru meiri kauphækkun en hjá verkamönnum, sem þó kemur misjafnt niður á hinar ýmsu iðngreinar, eins og áður segir.

Tafla 1

Tímakaupstafla - 4. ársfj. 1967

Verkamenn Véltafla 245	Heildar- vinnust. bús.	Vog	Tímak. Helgid.		Eftirv. Næsturv.		Meðal- tímak. kr.
			í dagv. kr.	álag kr.	álag kr.	álag kr.	
	1	2	3	4	5	6	7
<u>Alm. verkamannav.</u>							
Fiskvinna	22	15	51.82	1.36	2.91	5.55	61.65
Hafnarvinna	234	20	54.60	1.28	4.43	3.61	63.92
Pakkhúsvinna	50	3	60.38	1.64	3.53	3.15	68.72
Lyftaravinna	31	2	56.14	1.40	4.80	4.13	66.49
Byggingavinna	25	10	65.60	1.58	6.12	5.10	78.40
Afgreiðslustörf	42	7	69.24	1.91	3.00	5.07	79.23
Bæjarvinna	108	15	55.00	1.37	3.87	1.99	62.25
Verksmiðjuvinna	63	11	65.42	1.87	3.60	3.58	74.50
Slippvinna	16	2	59.41	1.61	3.91	4.44	69.39
Ýmis alm. vinna	80	15	62.07	1.75	3.80	6.37	74.00
Vegið meðaltal	671		58.98	1.53	3.97	4.33	68.83
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>							
Málmsmíði	31	35	69.43	1.93	3.75	2.84	77.98
Trésmíði	30	30	64.96	1.85	4.34	2.13	73.31
Bifvélavirkjun	23	35	71.54	2.06	4.59	3.51	81.71
Vegið meðaltal	84		68.83	1.95	4.22	2.86	77.88
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	156	80	66.87	1.90	4.16	8.27	81.20
Ýtu og kranastj.	85	20	65.27	1.81	5.42	7.83	80.35
Vegið meðaltal	241		66.55	1.88	4.41	8.18	81.03
<u>Samanvegið :</u>							
Alm. verkamannav.	671	55	58.98	1.53	3.97	4.33	68.83
Aðstoð v. fagv.	84	20	68.83	1.95	4.22	2.86	77.88
Vélstjórn	241	25	66.55	1.88	4.41	8.18	81.03
	996	100	62.84	1.70	4.13	5.00	73.69

Tafla 2 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 4. ársfj. 1967

Verkamenn	Skipting vinnutíma					
	Heildar vinnust. pús.		Dvt	Evt	Nvt	Heildar-kaup pús.kr.
	Vog		%	%	%	
	1	2	3	4	5	6
<u>Véltáfla 345</u>						
<u>Alm. verkamannav.</u>						
Fiskvinna	21	15	76,8	10,3	12,9	1293
Hafnarvinna	234	20	76,2	15,6	8,2	14947
Pakkhúsvinna	48	3	82,1	11,6	6,3	3302
Lyftaravinna	31	2	74,4	16,4	9,2	2088
Byggingarvinna	20	10	72,5	17,7	9,8	1558
Afgreiðslustörf	28	7	82,9	8,4	8,7	2198
Bæjarvinna	108	15	81,3	14,2	4,5	6719
Verksmiðjuvinna	35	11	82,5	10,9	6,6	2623
Slippvinna	16	2	78,1	12,7	9,2	1101
Ýmis alm. vinna	80	15	76,1	11,4	12,5	5925
Vegið meðaltal	621	100	78,0	13,0	9,0	41754
<u>Aðstoð v/fagv.</u>						
Málsmíði	31	35	84,1	10,9	5,0	2434
Trésmíði	30	30	82,4	13,6	4,0	2174
Bifvélavirkjun	23	35	81,2	12,8	6,0	1872
Vegið meðaltal	84	100	82,6	12,4	5,0	6480
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	156	80	73,7	11,2	15,1	12705
Ýtu-og kranastj.	85	20	70,0	15,0	15,0	6820
Vegið meðaltal	241	100	73,0	12,0	15,0	19525
<u>Samanvegið</u>						
Alm. verkamannav.	621	55	78,0	13,0	9,0	41754
Aðstoð v/fagv.	84	20	82,6	12,4	5,0	6480
Vélstjórn	241	25	73,0	12,0	15,0	19525
	946	100	77,7	12,6	9,7	67759

Tafla 3

Tímakaupstafla - 4. ársfj. 1967

Iðnaðarmenn Véltafla 265	Heildar-	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næturv.	Meðal-
	vinnust. pús.	í dgav. kr.	álag kr.	álag kr.	álag kr.	tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6
<u>Tímavinna</u>						
Skipasm. og viðg.	11	80.51	2.31	5.49	6.18	94.51
Málmsmíðar	83	79.05	2.24	4.72	5.04	91.06
Trésmíðar	37	79.44	2.28	7.10	1.99	90.81
Húsgagnagerð	14	87.65	2.52	3.51	0.00	93.68
Flugvirkjun	29	98.70	2.84	2.16	18.66	122.38
Bifvélavirkjun	49	80.01	2.30	5.04	4.02	91.39
Rafvirkjun	30	81.90	2.35	5.71	5.01	94.98
Bökunarvinna	5	70.95	2.04	1.42	8.45	82.88
Prentun og bókaðg.	19	88.23	2.54	0.00	18.28	109.05

Tafla 4

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 4. ársfj. 1967

Iðnaðarmenn Véltafla 365	Heildar- vinnust. pús.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup pús.kr.
		Dvt. %	Evt. %	Nvt. %	
	1	2	3	4	5
Skipasm. og viðg.	11	77.1	13.1	9.8	1009
Málmsmíðar	83	80.2	11.7	8.1	7572
Trésmíðar	33	81.4	15.5	3.1	2958
Húsgagnagerð	11	92.8	7.2	0.0	1067
Flugvirkjun	17	73.6	3.6	22.8	2095
Bifvélavirkjun	49	81.1	12.5	6.4	4434
Rafvirkjun	30	78.6	13.6	7.8	2807
Bökunarvinna	5	82.1	3.7	14.2	389
Prentun og bókaðg.	19	78.7	0.0	21.3	2028
	258				24359

Tafla 5

Tímakaupstafla - 4. ársfj. 1967

Verkakonur

Véltafla 235

	Heildar- vinnust. þús.	Tímak. í dagv. kr.	Helgid. álag. kr.	Eftirv. álag. kr.	Næturv. álag. kr.	Meðal- tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	18	50.30	0.73	2.79	4.41	58.24
Afgreiðslustörf	9	50.35	1.26	1.78	1.79	55.20
Verksmiðjuv.	63	50.72	1.37	1.14	0.41	53.67
Bæjarvinna	1	48.18	0.00	2.47	0.46	51.12
Bökunarvinna	3	56.18	1.61	0.00	0.26	58.06
Fatasaumur	34	55.57	1.55	0.48	0.00	57.62
Prentun og bókg.	6	53.65	1.54	0.00	10.87	66.07
Ýmis alm. vinna	10	60.06	1.43	0.97	2.73	65.20

Tafla 6

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 4. ársfj. 1967

Verkakonur

Véltafla 335

	Heildar- vinnust. þús.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús.kr.
		Dvt. %	Evt. %	Nvt. %	
	1	2	3	4	5
Fiskvinna	18	79.4	10.2	10.4	1049
Afgreiðslustörf	9	88.6	7.2	4.2	523
Verksmiðjuvinna	57	94.3	4.7	1.0	3074
Bæjarvinna	1	88.7	10.2	1.1	32
Bökunarvinna	3	99.5	0.0	0.5	163
Fatasaumur	22	98.1	1.9	0.0	1288
Prentun og bókg.	6	79.1	0.0	20.9	422
Ýmis alm. vinna	10	91.6	3.2	5.2	643
	126				7194

Tafla 7

Meðaltímakaup - 4. ársfj. 1967

Flugáhafnir

Véltöflur 275 og 375

	Heildar- vinnust. þús.	Meðal- tímak. kr.	Heildar- kaup þús.kr.
Flugstjórar	12	245.83	2884
Flugáh.annað	15	163.59	2430
Flugfreyjur	17	79.94	1339
	44		6653

Tímakaup og vinnutími í Reykjavík árið 1967

(með samanburði við árið 1966)

Kjararannsóknarnefnd hefur reiknað út meðaltal ársins 1967 á tímakaupi í dagvinnu og meðaltímakaupi hjá því úrtaki af verkamönnum, iðnaðarmönnum, verkakönnum og flugáhöfnum, sem skýrslugerð nefndarinnar nær til. Ennfremur hefur nefndin unnið töflur um hlutfallslega skiptingu vinnutímans og heildarkaup sömu aðila. Fyrir árið 1966 voru birtar samsvarandi upplýsingar í Fréttabréfi 6.

Alls nær úrtakið árið 1967 til 5689 þús. vinnustunda í tíma-
vinnu, á móti 5580 þús. st. árið 1966 (ekki 5574 þús. eins og mis-
ritað hefur í Fréttabréfi 6), og voru laun fyrir vinnuna 1967
rúmlega 435,6 millj. kr., en 406,4 millj. kr. árið 1966.

Skiptist þetta sem hér segir, hvort árið um sig:

	<u>Vinnust., þús.</u>		<u>Laun, millj. kr.</u>	
	<u>1966^{x)}</u>	<u>1967^{x)}</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>
Verkamenn	3858	3954	261,2	282,9
Iðnaðarmenn	1066	1036	97,1	97,6
Verkakönur	460	493	23,4	27,3
Flugáhafnir	<u>196</u>	<u>206</u>	<u>24,7</u>	<u>27,8</u>
	5580	5689	406,4	435,6

Eins og þessar tölur bera með sér hefur lítil breyting orðið á úrtakinu frá því árið 1966. Í heild sinni nær það nú til 2% fleiri vinnustunda en árið 1966. Þess má geta, að í ársbyrjun 1967 bættist stórt fyrirtæki í hóp þeirra, sem senda launaskýrslur til Kjararannsóknarnefndar. Veldur það allmikilli stækkun úrtaks í vissum starfsgreinum verkamanna og því, að með eru teknar tvær nýjar greinar í verkakvennavinnu, svo sem síðar mun að vikið. Einnig hefur úrtakið breytt nokkuð, vegna þess að nokkur fyrirtæki hafa verið lögð niður, en önnur eflzt mikið. Úrvinnsluaðferðir eru óbreyttar frá fyrra ári (sjá ársskýrslu fyrir 1966 í Fréttabréfi 6). Í öllum aðalatriðum ættu því árstöflur fyrir 1967 að vera sambærilegar við árstöflur 1966.

x) Miðað er við vinnust.fjölda á vinnutíma- og kaupgreiðslu-
töflum.

I. Verkamenn.

Áætlað er, að úrtakið nái til 1600-1700 verkamanna eða u. p. b. fjórðungs allra verkamanna í Reykjavík. Hefur það í heild aukizt lítillega frá því árið áður, nær til 2,5 % fleiri vinnustunda, en þó dregizt saman í nokkrum einstökum undirflokkum. Hlutfallslega er breytingin mest í afgreiðslustörfum, þar sem úrtakið 1967 nær til 73% fleiri vinnustunda en 1966, pakkhúsvinnu, fjölgun 41%, fiskvinnu, fækkun 35%, verksmiðjuvinnu, fækkun 31% og ýtu- og kranastjórn, fjölgun 35% (allt miðað við vinnustundir).

A. Tímakaup.

Fyrst skal á það litið, hvernig tímakaup verkamanna (aðalflokka) hefur þróast á árinu 1967, miðað við ársfjórðunga. Sést það á eftirfarandi töflu.

	1. ársfj.	2. ársfj.	3. ársfj.	4. ársfj.	Árs- meðaltal
<u>1. Alm. verkam.v.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
a. Tímakaup í dagv.	58,48	59,43	59,10	58,98	59,00
b. Meðaltímakaup	68,34	72,16	68,09	68,83	69,36
<u>2. Aðstoð v/fagv.</u>					
a. Tímak. í dagv.	66,70	67,47	69,38	68,83	68,10
b. Meðaltímakaup	76,19	80,53	78,02	77,88	78,16
<u>3. Vélstjórn</u>					
a. Tímak. í dagv.	64,31	65,11	65,32	66,55	65,32
b. Meðaltímakaup	77,17	82,84	79,63	81,03	80,17
<u>4. Samanv. meðalt.</u>					
a. Tímak. í dagv.	61,58	62,46	62,71	62,84	62,40
b. Meðaltímakaup	72,12	76,50	72,96	73,69	73,82
<u>5. Hækkun frá 1. ársfj.</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>
a. Meðalt.tímak. í dagv. (4a)	.	1,4	1,8	2,0	
b. Meðalt.meðaltk. (4b)	.	6,1	1,2	2,2	
<u>6. Meðalt.k. (4b) hærra</u>					
<u>en t.k. í dagv. (4a)</u>					
1967	17,1	22,5	16,3	17,3	18,3
1966	15,1	27,5	17,8	17,0	19,3

Textakaup Dagsbrúnar hélzt óbreytt allt árið 1967, þangað til 1. desember, að á það lagðist 3,4 % vísitöluhækkun. Sveiflur á tímakaupi í dagvinnu eru eðlilega litlar milli ársfjórðunga, svo sem sjá má m. a. í 5. lið töflunnar, og langmestar hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu, 2. liður a., sem stafar af því, hve bónusgreiðslur eru stór hluti af kaupi þeirra (mestur munur milli ársfjórðunga 4% - milli 3. ársfj. og 1. ársfj.). Miklu meiri sveiflur eru á meðaltímakaupi, sem fer hjá öllum aðalflokkum hæst í 2. ársfjórðungi. Jafnframt er í 2. ársfj. mestur hlutfallslegur mismunur á meðaltímakaupi og dagvinnukaupi, 22,5 %, en nokkuð jafn aðra ársfjórðunga, þ. e. 16,3 % til 17,3 %, sbr. 6. lið. Þessi mikli mismunur 2. ársfjórðung á að nokkru leyti rætur sínar að rekja til mikils helgidagaálags (pr. klst. kr. 2,44 á 1. ársfj., kr. 3,77 á 2. ársfj., kr. 0,05 á 3. ársfj. og kr. 1,70 á 4. ársfj., samantvegin meðaltöl allra starfsflokka), svo og yfirvinnu, sem þá er einnig mest (pr. klst. kr. 8,08 á 1. ársfj., kr. 10,27 á 2. ársfj., kr. 10,19 á 3. ársfj. og kr. 9,13 á 4. ársfj., samantvegin meðaltöl).

Árið 1966 voru meiri sveiflur á þessum mismun svo sem sjá má í neðstu töflulínu hér að ofan: Frá 15,1 % á 1. ársfj. og allt upp í 27,5 % á 2. ársfjórðung.

Næst skal hugað að samanburði áranna 1967 og 1966, hvað snertir tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup, sjá eftirfarandi töflu.

Verkamenn	Tímakaup í dagvinnu			Meðaltímakaup		
	1966	1967	Hækkun	1966	1967	Hækkun
	kr.	kr.	%	kr.	kr.	%
Alm.verkam.v.						
Fiskvinna	49,30	52,50	6,5	61,90	63,00	1,8
Hafnarvinna	51,11	54,60	6,8	62,18	64,87	4,3
Pakkhúsvinna	55,46	58,91	6,2	65,35	69,14	5,8
Lyftaravinna	52,68	54,63	3,7	64,10	65,75	2,6
Byggingarvinna	66,55	68,62	3,1	76,20	80,70	5,9
Afgreiðslustörf	66,93	69,76	4,2	76,84	79,09	2,9
Bæjarvinna	52,31	54,50	4,2	61,44	63,20	2,9
1) Verksmiðjuvinna	58,24	64,91	11,5	67,12	73,73	9,8
Slippvinna	55,15	58,01	5,2	67,30	67,99	1,0
Ýmis alm.vinna	<u>57,57</u>	<u>60,81</u>	<u>5,6</u>	<u>69,78</u>	<u>73,26</u>	<u>5,0</u>
Vegió meðaltal	55,67	59,00	6,0	66,37	69,36	4,5

1) Ástæðan fyrir þessari miklu hækkun er ekki almennar kauphækkningar umfram aðrar starfsstéttir, heldur sveiflur í starfssemi fyrirtækja.

Aðstoð v/ fagvinnu:

V. járnsmíði	64,60	68,05	5,3	75,21	78,82	4,8
V. trésmíði	59,77	62,47	4,5	68,42	70,97	3,7
V. bifvélavirkjun	69,24	72,96	5,4	79,64	83,66	5,0
Vegið meðaltal	64,78	68,10	5,1	74,72	78,16	4,6

Vélstjórn:

Bifreiðastjórar	60,63	65,39	7,9	74,00	79,61	7,6
Ýtu-og kranastj.	62,33	65,05	4,4	79,02	82,42	4,3
Vegið meðaltal	60,97	65,32	7,1	75,00	80,17	6,9
<u>Ársmeðaltal</u>	58,82	62,40	6,1	70,20	73,82	5,2

Tímakaup í dagvinnu hefur í öllum starfsgreinum hækkað frá því árið 1966, minnst 3,1 % í byggingarvinnu, mest 11,5 % í verksmiðjuvinnu, en í flestum greinum eitthvað milli 4% og 7%. Að samantektunni ársmeðaltali hefur tímakaup í dagvinnu verkamanna eða "verkamannakaup í Reykjavík" hækkað um 6,1 % frá fyrra ári.

Í þessu sambandi má benda á, að allir tímakaupstaxtar Dagsbrúnar voru sem næst 4,9 % hærri að meðaltali yfir árið 1967 en 1966. Í verksmiðjuvinnu kemur hér til greina mikil taxtahækkun á Iðjukaupi 1. júlí 1966, er m. a. stóð í sambandi við fækkun aldursflokka úr fimm í tvo. Kom þessi hækkun að sjálfsögðu ekki fram nema á síðari ársþelmingi 1966 og hafði því miklu meiri hækkunaráhrif á meðaltal ársins 1967 en 1966.

Meðaltímakaupið hefur hækkað hjá öllum starfsgreinum, en þó nokkru minna en dagvinnukaupið, sem stafar af samdrætti í yfirvinnu. Samanvegin hækkun meðaltímakaups verkamanna er 5,2 %, en dagvinnukaupið hækkaði um 6,1 %. Mest er aukningin í verksmiðjuvinnu, eða 9,8 %, en minnst í slippvinnu 1,0 %, fiskvinnu 1,8 % og lyftivagnstjórn 2,6 %.

Ef þróun meðaltímakaupsins og dagvinnukaupsins er borin saman í einstökum starfsflokkum, kemur í ljós, að hjá almennum verkamönnum hefur meðaltímakaupið alls staðar hækkað minna en dagvinnukaupið nema í byggingarvinnu, og sums staðar svo miklu nemur, eins og í slippvinnu og fiskvinnu, og að meðaltali hækkar meðaltímakaupið um 4,5 %, þegar dagvinnukaupið hækkar um 6,0 %. Hjá aðstoðarmönnum við fagvinnu gætir minni munar á hækkun dagvinnu- og meðaltímakaups, og hjá stjórnendum véla er hækkunin um það bil

hin sama, þannig að þar virðist ekki vera um að ræða minnkandi yfirvinnu.

Ársmeðaltal meðaltímakaups var 18,3 % hærra en ársmeðaltal dagvinnukaups. Samsvarandi mismunur 1966 var 19,3 %.

B. Skipting vinnutíma.

Eftirfarandi yfirlit sýnir, hvernig vinnutíminn hefur skipzt hlutfallslega í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu hvern ársfjórðung.

Skipting vinnutímans ársfjórðungslega 1967

<u>Verkamenn</u>	Dvt	Evt	Nvt
	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>
Samanvegin meðaltöl			
1. ársfjórðungur	78,6	13,3	8,1
2. ársfjórðungur	74,0	13,4	12,6
3. ársfjórðungur	76,0	13,5	10,5
4. ársfjórðungur	<u>77,7</u>	<u>12,6</u>	<u>9,7</u>
<u>Ársmeðaltal 1967</u>	76,6	13,2	10,2
Ársmeðaltal 1966	74,3	13,5	12,2

Eftirvinnan reyndist vera býsna jöfn mestan hluta ársins, en meiri munur á næturvinnu milli ársfjórðunga, þó minni en var árið 1966. Yfirvinnan er í heild nokkru minni að ársmeðaltali 1967 en var 1966, einkum þó næturvinna (10,2 % í stað 12,2 %).

Samanburður þessara ára lítur þannig út hjá einstökum starfsgreinum:

Mismunur hlutfallstalna yfirvinnu
í samsv. ársfjórðungum 1967 og 1966.

	1.	2.	3.	4.	Mismunur <u>ársmeðaltala</u>
Fiskvinna	-21,7	-12,6	- 7,2	- 4,8	- 11,6
Hafnarvinna	+ 0,4	- 6,4	- 3,0	- 5,9	- 3,7
Pakkhúsvinna	+ 3,7	+ 0,2	- 0,3	- 5,1	- 0,4
Lyftaravinna	+ 1,2	- 4,2	- 0,8	- 6,2	- 2,5
Byggingarvinna	+ 5,6	+ 0,2	+ 5,5	+ 7,5	+ 4,7

Afgreiðslustörf	- 5,3	- 6,1	- 2,5	+ 3,0	- 2,7
Bæjarvinna	- 3,3	- 1,3	- 0,2	- 3,4	- 2,1
Verksmiðjuvinna	- 2,3	- 4,7	- 4,1	+ 0,4	- 2,7
Slippvinna	- 9,2	- 8,8	- 1,8	- 1,0	- 5,2
Ýmis alm vinna	+ 0,9	- 1,0	- 2,2	- 3,6	- 1,5
Málmsmíði	- 0,9	- 1,3	+ 0,4	- 3,9	- 1,5
Trésmíði	+ 0,4	- 3,6	- 1,5	- 2,2	- 1,7
Bifvélavirkjun	+ 2,4	- 0,2	- 2,3	- 1,3	- 0,3
Bílstjórar	+ 1,4	- 2,7	- 2,0	- 0,5	- 1,0
Ýtu- og kranastj.	- 3,3	- 2,3	+ 2,1	- 0,4	- 1,0

Hér kemur greinilega í ljós, að yfirvinnan hefur alls staðar dregið saman, nema hjá byggingarverkamönnum. Þetta er þó nokkuð mismunandi hjá hinum ýmsu starfsgreinum.

Fiskvinnan er í sérflokkum hvað snertir þróun vinnutíma á árinu 1967. Hér er um að ræða úrtak, sem nær til þriðjungs allrar fiskvinnu í Reykjavík, og ætti að sýna vel þróunina í þessari grein hér í borg. Yfirvinnan var gífurlega mikil á 1. og 2. ársfjórðungi 1966, 43,4 % af heildarvinnutímanum á 1. ársfjórðungi 1966, en var komin niður í 28,0 % á 4. ársfj. 1966 og 23,2 % á 4. ársfj. 1967. Af þessu sést, að enda þótt yfirvinnan sé minnkandi í fiskvinnunni, þá er hún enn sízt minni þar en annars staðar. Vinnutími í slippvinnu hefur þróast alveg hliðstætt og í fiskvinnu, nema hvað sveiflurnar eru ekki eins stórar. Aðrar starfsgreinar, þar sem minnkandi atvinna hefur gætt á öllum ársfjórðungum 1967, miðað við sömu ársfjórðunga¹⁹⁶⁶ /og ekki virðist vera um að ræða aukningu enn sem komið er, eru hafnarvinna, bæjarvinna, ýmis alm. vinna og aðstoð við málmsmíði og trésmíði. Hjá öðrum starfsgreinum er yfirleitt um að ræða minni háttar breytingar, nema hvað afgreiðslustörf og verksmiðjuvinna skera sig úr að því leyti, hvað yfirvinnan er meiri á 4. ársfj. 1967 en 4. ársfj. 1966.

Greinilega virðist fara saman gott atvinnuöryggi og tiltölulega hátt kaup. Þannig virðist samdrátturinn í atvinnulífinu á árinu 1967 hafa komið einna harðast niður á verkamönnum í fiskvinnu og bæjarvinnu og þeim, sem vinna við höfnina, en þetta eru einmitt þeir verkamenn, sem lakasta dagvinnukaupið hafa, vegna þess að þeir eru lítið yfirborgaðir og fá yfirleitt ekki greitt ákvæðisvinnuálag eða aðrar kaupbætur.

Þeir, sem samdrátturinn hefur minnst snert, eru stjórnendur vörubíla og þungavinnuvéla, aðstoðarmenn við fagvinnu og ýmsir almennir verkamenn, en þetta eru þeir starfshópar, sem einna hæst laun hafa, að ógleymdum byggingarverkamönnum, sem sýna einir aukna yfirvinnu á öllum ársfjórðungum. Sá hópur hefur þó ekki jafngott úrtak og aðrir.

II. Iðnaðarmenn.

Árstöflurnar ná til 1036 þús. vinnustunda í tímavinnu eða 2,8 % færri en árið 1966. Er um að ræða 9 aðgreindar starfsgreinar í stað 10 þá. Niður hefur fallið fatasaumur. Frávik á úrtaksstærð (miðað við vinnustundafjölda) í öðrum starfsgreinum er hvergi meira en 25% miðað við fyrra ár, mest + 21% í trésmíðum, + 17% í bifvélavirkjun, + 25% í skipasmíðum og viðgerðum og + 25% í prentun og bókbandi. Starfsgreinarnar eru ekki vegnar saman.

A. Tímakaup.

Eftirfarandi skrá sýnir samanburð árána 1967 og 1966, hvað snertir tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup iðnaðarmanna.

<u>Iðnaðarmenn</u>	<u>Tímakaup í dagvinnu</u>			<u>Meðaltímakaup</u>		
	1966	1967	Hækkun	1966	1967	Hækkun
	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>%</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>%</u>
<u>Tímavinna</u>						
Skipasm.og viðg.	75,44	78,34	3,8	90,87	90,29	+ 0,6
Málmsmíðar	75,40	77,81	3,2	90,33	91,31	1,1
Trésmíðar	77,70	79,76	2,7	90,39	92,09	1,9
Húsgagnasmíðar	90,54	87,57	+ 3,3	100,18	95,57	+ 4,6
Flugvirkjun	88,42	92,64	4,8	110,44	118,41	7,2
Bifvélavirkjun	78,86	81,26	3,0	89,65	93,81	4,6
Rafvirkjun	79,14	80,90	2,2	93,46	95,08	1,7
Bökun	66,87	71,76	7,3	76,65	83,01	8,3
Fatasaumur	70,59			73,28		
Prentun og bókb.	70,27	82,87	17,9	82,29	97,62	18,6

Tímakaup í dagvinnu hefur þá með einni undantekningu hækkað frá því 1966, langmest í prentun og bókbandi, 17,9 %, en aðeins

í tveim greinum öðrum fer hækkunin yfir 4%. Í húsgagnasmíðum lækkar hins vegar tímakaup í dagvinnu um 3,3 %. Þar voru bónusgreiðslur miklu minni en árið áður.

Meðaltímakaup hækkar einnig langmest í prentun og bókbandi, 18,6 %, en lækkar í húsgagnasmíðum og lítilllega í skipasmíðum, þar sem langmest breyting varð á hlutfalli milli dagvinnu og yfirvinnu, sjá töflu um vinnustundaskiptingu.

Meðaltímakaupið er allt frá 9,1 % (húsgagnasmíðar) og upp í 27,8 % (flugvirkjun) hærra en tímakaup í dagvinnu, en í öðrum greinum er mismunurinn milli 15,3 % og 17,8 %, sjá eftirfarandi töflu. Hinn geysimikli munur í flugvirkjun skýrist, þegar litið er til yfirvinnu í þeirri grein.

Tafla, er sýnir hve mörg % meðaltímakaup iðnaðarmanna var hærra en tímak. í dagv.

<u>Iðnaðarmenn</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>
Skipasm. og viðg.	20,5	15,3
Málmsmíðar	19,8	17,3
Trésmíðar	16,3	15,5
Húsgagnagerð	10,6	9,1
Flugvirkjun	24,9	27,8
Bifvélavirkjun	13,7	15,4
Rafvirkjun	18,1	17,5
Bökunarvinna	14,6	15,7
Fatasaumur	3,8	
Prentun og bókband	17,1	17,8

B. Skipting vinnutímans.

Hlutfallsleg skipting vinnutíma hjá iðnaðarmönnum var sem hér segir árið 1967 og til samanburðar árið 1966.

<u>Iðnaðarmenn</u>	<u>Vinnutími, hlutfallsleg skipting.</u>		
	<u>Samanburður árána 1967 og 1966.</u>		
	Dvt	Evt	Nvt
	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>
Skipasm. og viðg. 1967	80	13	7
- " - 1966	73	14	13

		Dyt. %	Evt. %	Nvt. %	1967 og 1966	25
Málmsmíðar	1967	77	13	10		
-	1966	74	14	12		
Trésmíðar	1967	80	17	3		
-	1966	79	16	5		
Húsgagnasmíðar	1967	90	10	0		
- " -	1966	87	11	2		
Flugvirkjun	1967	70	3	27		
-	1966	74	3	23		
Bifvélavirkjun	1967	80	12	8		
- " -	1966	83	11	6		
Rafvirkjun	1967	77	14	9		
-	1966	76	14	10		
Bökun	1967	84	4	12		
-	1966	84	5	11		
Fatasaumur	1966	99	1	0		
Prentun og bókb.	1967	85	0	15		
- " -	1966	86	0	14		

Samkvæmt þessu hefur hundraðstala eftirvinnu ýmist haldizt óbreytt eða hækkað eða lækkað um 1, frá því sem var árið 1966. Breyting er meiri á næturvinnu, sem hefur minnkað mest í skipasmíðum, enda lækkar meðaltímakaupið þar um 0,6 %, þótt tímakaup í dagvinnu hækki um 3,8 %, en aukizt mest í flugvirkjun.

III. Verkakonur.

Tvær nýjar starfsgreinar, afgreiðslustörf og ýmis alm. vinna, hafa bætt við þær 5, sem fyrir voru á töflum Kjararannsóknarnefndar. Úrtakið tekur nú til 493 þús. vinnustunda í stað 460 þús. árið 1966, eða 7,2 % fleiri. Í þeim greinum, sem fyrir voru, er breyting hlutfallslega lítil, nema í fatasaumi 74 þús. stundir í stað 39 þús.

Starfsgreinarnar eru ekki vegnar saman.

A. Tímakaup.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á (1) tímakaupi og (2) meðaltímakaupi verkakvenna árin 1966 og 1967.

<u>Verkakonur</u>	<u>(1) Tímakaup í dagv.</u>			<u>(2) Meðaltímakaup</u>		
	1966 kr.	1967 kr.	Hækkun %	1966 kr.	1967 kr.	Hækkun %
Fiskvinna	47,28	49,56	4,8	56,20	55,80	+ 0,7
Verksmiðjuvinna	46,74	50,59	8,2	49,62	53,66	8,1
Bökunarvinna	48,95	55,01	12,4	51,00	57,40	12,5
Fatasaumur	47,66	55,38	16,2	49,60	57,46	15,8
Prentun og bókb.	46,02	53,69	16,7	50,52	59,86	18,5
Afgreiðslustörf		51,51			55,27	
Ýmis alm. vinna		62,42			67,77	

Tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup hefur þannig hækkað nokkuð jafnt hlutfallslega í hverri einstakri starfsgrein, nema fiskvinnu, þar sem næturvinna hefur mjög dregið saman, sjá töflu um vinnutímaskiptingu hér á eftir, og meðaltímakaupið því staðið nær alveg í stað.

Á næstu töflu sést, hve mörg % herra meðaltímakaup verka-
kvenna var en dagvinnukaup þeirra, hvort árið um sig, 1966 og 1967.

<u>Verkakonur</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>
Fiskvinna	18,9	12,6
Verksmiðjuvinna	6,2	6,1
Bökunarvinna	4,2	4,3
Fatasaumur	4,1	3,8
Prentun og bókb. band	9,8	11,5
Afgreiðslustörf		7,3
Ýmis alm. vinna		8,6

B. Skipting vinnutímans.

Eftirfarandi tafla sýnir, að breytingar frá fyrra ári á yfirvinnu verkakvenna eru óverulegar, nema í fiskvinnu.

<u>Verkakonur</u>		Dv %	Ev %	Nv % (í heilum tölum)
Fiskvinna	1967	83	12	5
-	1966	75	12	13
Verksm. vinna	1967	91	8	1
- " -	1966	94	5	1
Bökunarvinna	1967	99	0	1
- " -	1966	99	0	1

Fatasaumur	1967	99	1	0
-	1966	98	2	0
Prent.og bókb.	1967	92	0	8
- " -	1966	94	0	6
Afgreiðslust.	1967	91	8	1
Ymis alm.v.	1967	93	1	6

C. Samanburður við verkamenn.

Hér skal sýndur samanburður á (1) tímakaupi í dagvinnu, (2) meðaltímakaupi og (3) yfirvinnu verkamanna og verkakvenna í fiskvinnu og verksmiðjuvinnu árin 1966 og 1967.

	<u>Fiskvinna</u>		<u>Verksmiðjuvinna</u>	
	<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>
<u>(1) Tímak. í dagv. (kr.)</u>				
Karlar	49,30	52,50	58,24	64,91
Konur	47,28	49,56	46,74	50,59
<u>Mism. í %</u> (sem kaup kvenna er lægra)	4,1	5,6	19,7	22,1
<u>(2) Meðaltímakaup (kr.)</u>				
Karlar	61,90	63,00	67,12	73,73
Konur	56,20	55,80	49,62	53,66
<u>Mism. í %</u> (sem kaup kvenna er lægra)	9,2	11,4	26,1	27,2
<u>(3) Yfirv.% af heildar- vinnust. (heil.töl.)</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>1966</u>	<u>1967</u>
	<u>Ev</u> <u>Nv</u>	<u>Ev</u> <u>Nv</u>	<u>Ev</u> <u>Nv</u>	<u>Ev</u> <u>Nv</u>
Karlar	13 23	11 13	14 6	13 5
Konur	12 13	12 5	5 1	4 1

Þessi samanburður leiðir í ljós,

1. að kaup kvenna í fiskvinnu og verksmiðjuvinnu reyndist bæði árin lægra en karlakaup í sömu starfsgrein, bæði dagvinnukaup og meðaltímakaup.
2. að mismunurinn er hlutfallslega miklu meiri á meðaltíma-kaupi en dagvinnukaupi.

3. að mismunurinn hefur aukizt lítillega.
4. að yfirvinna er bæði árin minni hjá konum en körlum, einkum munar miklu í verksmiðjuvinnu.
5. að mismunurinn hefur haldizt nær óbreyttur hlutfallslega í báðum starfsgreinum.

Ýmsar ástæður geta valdið því, að mismunur er á dagvinnukaupi karla og kvenna í fiskvinnu og verksmiðjuvinnu.

Í fyrsta lagi eru karlar nokkuð yfirborgaðir í þessum starfsgreinum, en alger undantekning mun það um konur. Er hér um að ræða nokkra fastamenn, rótgróna hjá fyrirtækjum. Fækkun starfsfólks í þessum greinum er jafnframt líkleg til að valda þar hækkun á (meðal)kaupi karla: bitnar fyrst og fremst á lausamönnum, og hlutfall yfirborgaðra fastamanna stækkar. Stuðlar þetta að því að auka muninn á kaupi karla og kvenna, svo sem varð 1967.

Í öðru lagi er í fiskvinnu um að ræða tvo mismunandi kaup-taxta, þ. e. 2. og 5. taxta Dagsbrúnar, og munu eingöngu karlmenn taka laun eftir hærri taxtanum (vinna í frystiklefum).

Í þriðja lagi er að líkindum tiltölulega minna um, að konur nái aldurshækkunum, sem til koma eftir 2ja ára starf í fiskvinnu, en 12 mán. starf í verksmiðjuvinnu.

Mikill mismunur á yfirvinnu (sjá töfluna) veldur svo því, að munurinn á meðaltímakaupi karla og kvenna er tiltölulega miklu meiri en á dagvinnukaupi þeirra.

IV. Flugáhafnir.

Úrtakið nær nú til 206 þús. stunda, en 196 þús. árið 1966. Hér er um að ræða vaktavinnu. Samanburður á meðaltímakaupi árin 1966 og 1967 lítur þannig út:

	1966	1967	Hækkun
<u>Flugáhafnir</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>%</u>
Flugstjórar	201,43	225,46	11,9
Aðrir í flugáhöfn	132,14	144,80	9,6
Flugfreyjur	65,52	70,80	8,1

Tímakaupstafla

Ársmeðaltöl 1967

Tafla 8

<u>Verkamenn</u>	Heildar- vinnust. þús.	Vog	Tímak. í dagv. kr.	Helgid. álag kr.	Eftirv. álag kr.	Næturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
	<u>1</u>	<u>2</u>	<u>3</u>	<u>4</u>	<u>5</u>	<u>6</u>	<u>7</u>
<u>Alm. vinna</u>							
Fiskvinna	104	15	52.50	1.59	3.17	5.72	63.00
Hafnarvinna	1050	20	54.60	1.47	4.58	4.21	64.87
Pakkhúsvinna	209	3	58.91	1.80	4.06	4.35	69.14
Lyftaravinna	125	2	54.63	1.56	4.71	4.83	65.75
Byggingarvinna	113	10	68.62	1.39	6.23	4.45	80.70
Afgreiðslustörf	151	7	69.76	2.34	3.09	3.89	79.09
Bæjarvinna	471	15	54.50	1.60	4.33	2.75	63.20
Verksmiðjuvinna	232	11	64.91	2.18	4.01	2.62	73.73
Slippvinna	67	2	58.01	1.80	3.99	4.18	67.99
Ýmis alm. vinna	321	15	60.81	2.11	3.75	6.58	73.26
<u>Vegið meðaltal</u>	2843	100	59.00	1.75	4.18	4.42	69.36
<u>Aðstoð v. fagv.</u>							
Málsmíði	135	35	68.05	2.29	4.48	3.98	78.82
Trésmíði	118	30	62.47	2.16	4.63	1.69	70.97
Bifvélavirkjun	104	35	72.96	2.54	4.40	3.75	83.66
<u>Vegið meðaltal</u>	357	100	68.10	2.34	4.50	3.21	78.16
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	598	80	65.39	2.27	3.98	7.97	79.61
Ýtu- og kranastj.	351	20	65.05	2.16	5.50	9.70	82.42
<u>Vegið meðaltal</u>	949	100	65.32	2.24	4.28	8.31	80.17
<u>Samanvegið</u>							
Alm. vinna	2843	55	59.00	1.75	4.18	4.42	69.36
Aðstoð v. fagv.	357	20	68.10	2.34	4.50	3.21	78.16
Vélstjórn	949	25	65.32	2.24	4.28	8.31	80.17
<u>Samanvegið meðaltal</u>	4149	100	62.40	1.99	4.27	5.15	73.82

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla

Tafla 9

Ársmeðaltöl 1967

Verkamenn	Heildar-		Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús.kr.
	vinnust. þús.	Vog	Dvt.	Evt.	Nvt.	
			%	%	%	
	1	2	3	4	5	6
<u>Alm. verkamannav.</u>						
Fiskvinna	98	15	75.5	11.2	13.3	6248
Hafnarvinna	1050	20	74.3	16.0	9.7	68095
Pakkhúsvinna	206	3	77.5	13.3	9.2	14264
Lyftaravinna	125	2	72.5	16.3	11.2	8233
Byggingarvinna	96	10	74.5	17.4	8.1	7748
Afgreiðslustörf	102	7	84.4	8.9	6.7	7968
Bæjarvinna	471	15	77.9	15.8	6.3	29736
Verksmiðjuvinna	136	11	82.4	12.6	5.0	9991
Slippvinna	67	2	77.8	13.3	8.9	4524
Ýmis alm. vinna	319	15	75.1	11.6	13.3	23527
<u>Vegið meðaltal</u>	2670	100	76.9	13.7	9.4	180334
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>						
Málmsmíði	135	35	79.7	13.1	7.2	10693
Trésmíði	115	30	81.2	15.4	3.4	8171
Bifvélavirkjun	104	35	81.5	12.2	6.3	8639
<u>Vegið meðaltal</u>	354	100	80.8	13.5	5.7	27503
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	579	80	73.9	11.2	14.9	46136
Ýtu- og kranastj.	351	20	66.6	14.7	18.7	28961
<u>Vegið meðaltal</u>	930	100	72.4	11.9	15.7	75097
<u>Samhvergið</u>						
Alm. verkamannav.	2670	55	76.9	13.7	9.4	180334
Aðstoð v. fagvinnu	354	20	80.8	13.5	5.7	27503
Vélstjórn	930	25	72.4	11.9	15.7	75097
<u>Samhvergið meðaltal</u>	3954	100	76.6	13.2	10.2	282934

Tímakaupstafla

Tafla 10

Ársmeðaltöl 1967

<u>Iónaðarmenn</u>	Heildar- vinnust. þús.	Tímak. í dg. kr.	Helgid. álag kr.	Eftirv. álag kr.	Næsturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
<u>Tímavinna</u>	1	2	3	4	5	6
Skipasm.og viðg.	39	78,34	2,71	4,96	4,26	90,29
Málsmíðar	333	77,81	2,67	5,18	5,64	91,31
Trésmíði	140	79,76	2,64	7,53	2,16	92,09
Húsgagnagerð	60	87,57	3,08	4,78	0,13	95,57
Flugvirkjun	114	92,64	3,21	1,84	20,72	118,41
Bifvélavirkjun	185	81,26	2,80	5,01	4,73	93,81
Rafvirkjun	118	80,90	2,90	5,93	5,33	95,08
Bökunarvinna	28	71,76	2,51	1,64	7,09	83,01
Prentun og bókband	70	82,87	2,88	0,07	11,80	97,62
	1087					

Tafla 11

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla

Ársmeðaltöl 1967

<u>Iónaðarmenn</u>	Heildar- vinnust. þús.	<u>Skipting vinnutíma</u>			Heildar- kaup þús.kr.
		Dvt %	Evt %	Nvt %	
	1	2	3	4	5
Skipasm.og viðgerðir	39	80,3	12,7	7,0	3484
Málsmíðar	333	77,2	12,9	9,9	30386
Trésmíðar	132	79,8	16,8	3,4	12130
Húsgagnagerð	47	89,9	9,9	0,2	4468
Flugvirkjun	86	69,9	3,0	27,1	9830
Bifvélavirkjun	185	80,3	12,3	7,4	17336
Rafvirkjun	116	77,0	14,5	8,5	10883
Bökunarvinna	28	83,7	4,4	11,9	2271
Prentun og bókband	70	85,2	0,2	14,6	6826
	1036				97614

Tímakaupstafla

Tafla 12

Ársmeðaltöl 1967

Verkakönur	Heildarvinnust.	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næturv.	Meðal-
	pús.	í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	94	49.56	1.13	2.92	2.18	55.80
Afgreiðslustörf	30	51.51	1.26	1.99	0.50	55.27
Verksmiðjuvinna	238	50.59	1.61	1.00	0.45	53.66
Bökunarvinna	19	55.01	1.92	0.11	0.34	57.40
Fatasaumur	113	55.38	1.81	0.24	0.02	57.46
Prentun og bókband	19	53.69	1.89	0.00	4.26	59.86
Ýmis alm. vinna	48	62.42	1.88	0.43	3.03	67.77
	561					

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla

Tafla 13

Ársmeðaltöl 1967

Verkakönur	Heildarvinnust.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup pús.kr.
		Dvt.	Evt.	Nvt.	
	pús.	%	%	%	
	1	2	3	4	5
Fiskvinna	94	83.0	11.7	5.3	5225
Afgreiðslustörf	30	90.8	8.0	1.2	1677
Verksmiðjuvinna	216	94.8	4.2	1.0	11592
Bökunarvinna	19	98.9	0.4	0.7	1043
Fatasaumur	74	99.0	0.9	0.1	4306
Prentun og bókband	19	91.7	0.0	8.3	1150
Ýmis alm. vinna	41	93.0	1.4	5.6	2763
	493				27756

Tafla 14

Meðaltímakaup flugáhafna.

Flugáhafnir

	Heildarvinnust.	Meðaltímak.
	pús.	kr.
Flugstjórar	52	225,46
Flugáhafnir, aðrir	72	144,80
Flugfreyjur	82	70,80
	206	

Um þróun atvinnuástands á árunum
1966 og 1967.

Hér á eftir verður reynt að gera sér lítillega grein fyrir þróun atvinnuástandsins á árunum 1966 og 1967 með því að hagnýta þær upplýsingar, sem fá má af skýrslusöfnun Kjararannsóknarnefndar um starfsmannafjölda nokkurra fyrirtækja.

Hér er um að ræða athugun á fjölda verkafólks, iðnaðarmanna og flugáhafna þeirra fyrirtækja, sem skiluðu skýrslum á þessum árum. Eingöngu eru talin þau fyrirtæki, sem sendu skýrslur alla ársfjórðungana, með þeirri undantekningu, að fyrirtæki, sem sendu skýrslur í upphafi, en hættu síðar rekstri, eru talin með.

Með því að athuga fjölda starfsmanna, er hægt að sjá tvennt. Í fyrsta lagi, hvar þensla eða samdráttur á sér stað og í öðru lagi árstíðasveiflur á fjölda starfsmanna, sem er einkum fróðlegt með tilliti til möguleika skólafólks á sumarvinnu. Þó verður að hafa í huga, að erfitt er að greina á milli, hvort aukinn starfsmannafjöldi yfir sumarið stafar af aukinni starfsemi fyrirtækisins eða af sumarleyfum hins reglubundna starfsfólks.

Tafla 15 hér á eftir sýnir heildarfjölda starfsmanna fyrirtækjanna, þar sem þau eru flokkuð niður eftir tegund atvinnuvegar. Þar kemur í ljós, að talsverðar breytingar hafa orðið á starfsmannafjölda á 3. og 4. ársfjórðungi 1967. Á þeim ársfjórðungum jókst tala starfsmanna, miðað við sömu ársfjórðunga 1966, mest við netagerð, eða um 21%, í bifvélavirkjun um 14% (sem er bein afleiðing umferðarbreytingarinnar), í sælgætisgerð um 11%, og í áburðar- og gasframleiðslu um 8%. Annars staðar er ekki um teljandi aukningu að ræða.

Mestur samdráttur varð í framleiðslu byggingarhluta úr steinsteypu 46%, gúmiðnaði 46%, lýsishreinsun 40%, skipasmíði- og viðgerðum 29%, brauðagerð 28%, heildverzlun 22%, rekstri hafna 20%, fiskvinnslu 19%, málmsmíði 11% og við flutninga á sjó (þ. e. skipafélög og togaraafgreiðsla) 6%.

Hér er greinilega um nokkuð alvarlegan samdrátt að ræða, þar sem hans gætir svo mjög í fjölmennustu atvinnuvegunum.

Starfsmannafjöldi hjá opinberum aðilum hefur greinilega dregið saman síðan á 1. ársfjórðungi 1967, og á 3. og 4. ársfj. 1967 var hann um 13% minni en á sömu ársfj. árið áður.

Atvinnuleysi það, sem tók að gera vart við sig um áramótin og í byrjun árs 1968, á því rætur að rekja til samdráttar í mörgum stærstu atvinnuvegunum og opinberum framkvæmdum.

Sumarvinnan hefur mikla þýðingu fyrir skólafólk, og gera má ráð fyrir, að verulegur hluti þeirrar starfsmannafjölgunar, sem verður á 2. og 3. ársfj., sé frá skólanum kominn. Þar sem mikið var rætt um erfiðleika skólafólks á því að fá atvinnu yfir sumarið 1967, getur verið fróðlegt að bera saman starfsmannafjölgunina yfir sumarmánuðina árin 1966 og 1967 og þá breytingu, sem þar kynni að hafa orðið á. Tafla hér á eftir sýnir mismuninn á fjölda starfsmanna á 1. og 4. ársfjórðungi annars vegar og 2. og 3. ársfjórðungi hins vegar. Í þriðja dálki töflunnar er sýnt, hver breyting hefur átt sér stað á ráðningu sumarfólks á árinu 1967, miðað við árið 1966.

Greinilegt er, þegar litið er á töflurnar, að fyrirtæki og opinberir aðilar hafa ráðið mun færri sumarfólk í vinnu á árinu 1967 en árið áður.

Fjöldi starfsmanna hjá nokkrum fyrirtækjum í Reykjavík á hverjum ársfjórðungi

Tafla 15

árin 1966 og 1967.

	Fjöldi fyrirt.	1 9 6 6				1 9 6 7			
		1	2	3	4	1	2	3	4
2020 Mjólkuriðnaður	1	132	142	133	128	120	123	140	123
2041 Fiskvinnsla	2	272	555	415	319	294	447	339	254
2061 Brauðagerð	4	43	46	46	44	46	47	34	31
2062 Kexgerð	1	31	42	52	33	39	39	39	39
2080 Sælgætisgerð	1	46	48	43	46	49	52	49	50
2330 Netagerð	2	88	82	68	77	80	78	87	89
2430 Fatagerð	3	88	86	88	84	94	104	77	84
2526 Trésmíðar	3	133	122	122	131	126	137	126	125
28 Prentun og bókgagerð	3	61 ⁺⁾	61	62	66	67	62	60	62
3000 Gúmiðnaður	1	12	10	13	11	6	6	7	6
3110 Áburðar- og gasframl.	2	91	85	84	85	91	70	91	91
3122 Lýsishreinsun	1	21	21	27	26	19	18	16	16
3130 Málningarframleiðsla	1	26	30	28	30	30	32	27	26
3190 Hreinlætisvörugerð o. fl.	2	30	29	22	27	28	25	28	23
3390 Steypuframleiðsla o. fl.	4	97	113	115	89	62	60	60	51
3509 Málmsmíði	7	255	264	257	255	257	250	230	228
3810 Skipasmíði	2	87	108	122	102	88	82	84	74
3839 Bifvélavirkjun	9	113	115	127	120	145	140	132	149
3860 Flugvéla viðgerðir	1	81	84	83	85	83	84	76	85
410+429 Einkabyggingarstarfs.	6	171	177	147	107	122	147	126	131
6114+6135 Olíufélög	2	221	251	277	250	241	283	258	264
6116+6119 Heildsala	5	81	93	121	85	80	93	98	63
7150 Flutningar á sjó x)	4	843	926	930	900	946	916	883	840
7160 Rekstur hafna	1	42	80	64	38	36	46	46	36
7171 Flugfélög	1	73	99	103	93	78	113	113	91
Opinberir aðilar		460	770	762	524	491	595	628	493

+) Tilbúin tala.

x) Reiknað með því að deila 300 í fjölda dagvinnustunda.

Fjölgun starfsfólks yfir sumartímann.

Tafla 16

		<u>1966</u>	<u>1967</u>	<u>Mismunur</u>
		1	2	3
2020	Mjólkuriðnaður	8	10	2
2041	Fiskvinnsla	170	119	- 51
2061	Brauðagerð	3	2	- 1
2062	Kexgerð	15	0	- 15
2080	Sælgætisgerð	0	1	1
2330	Netagerð	8	- 2	- 10
2430	Fatagerð	1	2	1
	Trésmíði	-10	+ 6	16
28	Prentun og bókað.	- 2	- 4	- 2
3000	Gúmiðnaður	0	0	0
3110	Áburðar-og gasfr.1.	- 4	-11	- 7
3122	Lýsishreinsun	1	- 1	- 2
3130	Málningarframl.	1	2	1
3190	Hreinlætisvörug. o.fl.-	3	+ 1	4
3390	Steypuframl.	21	4	-17
3509	Málmsmíðar	6	- 3	- 9
3810	Skipasmíði	21	2	- 19
3839	Bifvélavirkjun	5	-11	- 16
3860	Flugvélavirkjun	0	- 4	- 4
	Byggingarstarfss.	23	10	- 13
	Oliufélag	29	18	- 11
	Heildsalar	24	24	0
7150	Flutn. á sjó	57	7	- 50
7160	Rekstur hafna	32	10	- 22
7171	Flugfélag	18	29	11
	Opinberir aðilar	374	170	-204

Tafla 17

Kaupgreiðsluvísitala

<u>Ár</u>		Vísi- tala	Álag á gr.laun %
1965	<u>Ársmeðalt.</u>	168,75	3,51
	Jan.-febr.	163	-
	Marz-maí	168	3,05
	Júní-ág.	169	3,66
	Sept.-nóv.	171	4,88
	Des.	175	7,32
1966	<u>Ársmeðalt.</u>	182,58	11,94
	Jan.-febr.	175	7,32
	Marz-maí	178	9,15
	Júní-ág.	185	13,42
	Sept.-des.	188	15,25
1967	<u>Ársmeðalt.</u>	188,50	15,58
	Jan.-nóv.	188	15,25
	Des.	194	19,16

Tafla 18

Framfærsluvísitala Hagstofu Íslands
ásamt þeim lið hennar, er sýnir
vísitölu neyzluvöru.

<u>Ár</u>	Framfærslu- vísitala	Vísitala neyzluvöru
1959	100	100
1960	103	109
1961	108	121
1962	119	136
1963	135	153
1964	161	183
1965	<u>Ársmeðalt.</u>	197
	1. ársfj.	192
	2. ársfj.	192
	3. ársfj.	196
	4. ársfj.	207
1966	<u>Ársmeðalt.</u>	222
	1. ársfj.	212
	2. ársfj.	220
	3. ársfj.	227
	4. ársfj.	229
1967	<u>Ársmeðalt.</u>	229
	1. ársfj.	228
	2. ársfj.	227
	3. ársfj.	226
	4. ársfj.	236